

Reykjavík, 16/08/2024

Iðan - fræðslusetur hefur móttakið umsókn þín um sveinspróf í rennismíði. Þú átt að þreyta verklegt próf í **Tækniskólanum í Hafnarfirði** og ert beðinn að mæta þar samkvæmt dagskrá hér að neðan.

Sveinspróf í rennismíði fer fram dagana 27.september – 29. September 2024.

Skriflegt próf fer fram þann 27. september í Tækniskólanum í Hafnarfirði og hefst kl. 9⁰⁰ og lýkur kl. 12.⁰⁰.

Verklegt próf hefst kl. 13:00, 27. september, og kl. 8:00, 28.september og 29.september og lýkur eigi síðar en kl. 18⁰⁰ þann 28.september. Matartími er frá kl. 12⁰⁰ til 13⁰⁰.

Sveinspróf í rennismíði:

Sveinspróf í rennismíði er skipt upp í tvo þætti: skriflegt próf og smíðaverkefni og er hvor þáttur metinn sérstaklega. Fyrir smíðaverkefnið er ennfremur gefið fyrir vinnuhraða og nákvæmni. Próftaki þarf að standast í öllum þáttum prófsins til að ljúka sveinsprófinu. Falli próftaki í einhverjum af þáttum prófsins þarf hann eingöngu að taka upp þann þátt aftur.

Skriflegt próf, 3 klst.

Gefin er sérstök einkunn fyrir skriflega prófið. Helstu þættir sem spurt er úr í prófinu eru: Öryggisfræði, ýmsir útreikningar til dæmis vegna tannhjóla, fræsunar og rennslis. Þá má búast við spurningum um verkframkvæmd auk almennra spurninga úr faginu.

Smíðaverkefni

Smíðaverkefnið er hlutur þar sem gerðar eru kröfur um ýmsa hæfni í smíði sem próftaki verður að sýna frammá að hann hafi getu og þekkingu til að nota. Þá reynir einnig á hæfni og nákvæmni próftakans í meðferð verkfæra, mælitækja, lestur teikninga og vélavinnu. Verklegt próf er allt að 16 klst.

Tæki sem heimilt er að nota í prófinu

Kynning á tækjum á prófstað verður auglýst síðar.

Prófsýning

Prófsýning verður auglýst síðar.

Ekki verða veittar upplýsingar um gengi próftaka í prófinu í síma, munnlega eða eftir öðrum leiðum fyrir prófsýningu.

Efnislisti:

Verður kynntur síðar.

Það skal tekið fram að hér er um lágmarksstærðir að ræða.

Bent er á að, ef próftaki gerir mistök við smíði á stykki sínu er honum frjálst að halda áfram eftir að hann hefur útvegað sér nýtt efni, til að geta haldið áfram vinnu við prófstykkið.

*Sveinsprófsnefnd í rennismíði,
Steindór Hrannar Grímarsson
Helgi Stefánsson
Sigurður Maríasson
Ágúst Guðmundsson
Lárus Helgason
Hilmar Bjartmarz*